

Reglugjörð

um notkun og meðferð rafmagns í Siglufjarðarkauptúni.

1. gr.

Rafmagnsstöð Siglufjarðarkauptúns selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar stöðvarinnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Meðan rafmagnið er eingöngu notað til lýsingar verður rafmagnsstöðinni lokað frá 16. maí til 31. júlí ár hvert, svo og á hverjum degi meðan dagsbirta er nægileg og ljósa þarf alment ekki við. Breytingar á þessu ákveður hreppsnefndin fyrir ákveðinn tíma í senn, eftir því sem við á, og eftir því til hvers rafmagnið frekar verður notað, og verða þær breytingar auglýstar notendum með hæfilegum fyrirvara og á venjulegan hátt.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi má því að eins stöðva þær eða taka af strauminn, að brýna nauðsyn beri til, sökum aðgerða eða annara tálmana, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina, svo fljótt sem unt er.

Breytingar og aðgerðir, svo og viðtengingar á nýjum línun, skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, fara fram á þeim tímum, sem stöðin er lokað.

Komi það fyrir, að stöðin sje lokað sökum aðgerða, eða af öðrum ástæðum, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn, á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá $\frac{1}{300}$ hluta af árgjaldinu fyrir hvern sólarhring, sem fram yfir er. Að öðru leyti ber stöðin enga ábyrgð gagnvart straumnotendum á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum (vis major), heldur verður skemdin bætt svo fljótt sem unt er.

3. gr.

Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breytt eldri innlagningu, skal senda stöðvarstjóra skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við, og öðrum upplýsingum, nauðsynlegum fyrir innlagninguna. Stöðvarstjóri sendir umsóknina með athugasemdum sínum til rafmagnsnefndar, og nefndin ákveður því næst, hvort innlagningin skuli leyfð eða ekki og hve mikið gjald skuli greitt. Stöðvarstjórinn tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að stöðvarstjóri fekk umsóknina.

Áður en byrjað er á innlagningunni skal hlutaðeigandi umsækjandi, með **76** undirskrift sinni á einu eintaki þessarar reglugjörðar, skuldbinda sig til þess að 5. júní uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gjörir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár o. s. frv.

4. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmunum að húsinu alt að 50 metra. Standi hús lengra en 50 metra frá næstu aðalálmu, kostar húseigandi það sem fram yfir er, en stöðin lætur undir öllum kringumstæðum vinna verkið, og kostar sjálf uppsetningu á öryggjunum. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagning húsálmu, getur stöðin krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði; en ef svo stendur á, skal gjöra húseiganda aðvart fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Innanhússtaugar, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv., skal setja upp á kostnað hlutaðeigandi umsækjanda af löggiltum innlagningarmanni. Enginn, nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin, eftir tillögum rafmagnsnefndar og stöðvarstjóra, löggildir til þess, má leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar, er setja á í samband við rafveituna, nje heldur breyta eldri innlagningu eða fást við svipuð störf, er að rafveitunni lúta, hvort heldur utan húss eða innan.

6. gr.

Nú hafa verið lagðar inn taugar eða áhöld sett í hús eða breyting verið gjörð á eldri innlagningu, og má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyr en stöðvarstjóri eða fulltrúi rafmagnsnefndar hefir skoðað og prófað innlagninguna og vottað, að hún sje fullnægjandi. Álitist innlagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi innlagningarmaður laga hana þannig, að hún sje fullnægjandi.

7. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi kaup-túnsins nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdu á rafmagnstaugum eða öðrum rafmagnstækjum, sem notuð eru í sambandi við taugararnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann

76 greiða fullur skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri 5. júní refsing liggi við, samkvæmt hegningarlögunum.

8. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um, svo sem honum er unt, að innlagning hans sje ætið í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstaugar eða rafmagnstæki í húsi, þannig, að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur eða að bilun sjáist á einangrun á leiðsluþráðum, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra eða fulltrúa rafmagnsnefndar.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

Sje rafmagn notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu- eða hitunaráhöldin standi ekki svo nálægt þilveggjum, að brunahætta geti stafað af.

Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innan húss, en rafmagnsstöðin utan.

9. gr.

Hreppsnefndin áskilur sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum, er setja á í samband við rafveituna.

10. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að banna að nota gamla lampa og önnur áhöld, sjeu þau eftir álitni hennar orðin ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

11. gr.

Stöðvarstjóri og umboðsmaður rafmagnsnefndar skulu ætið hafa frjálstan aðgang allstaðar, þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

12. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, og skal þá stöðinni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefndinni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiuningur útaf einstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr.

14. gr.

76

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa stöðvarstjóri, sem hreppsnefndin skipar og rafmagnsnefnd, sem hreppsnefndin kys. Í nefndinni eru þrír menn, kosnir til þriggja ára. Gengur einn nefndarmaður síðan úr nefndinni árlega, tvö fyrstu skiftin eftir hlutkesti, og er kosið í þeirra stað.

Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirskipunum rafmagnsnefndar, en nefndin gefur fyrir hver árslok hreppsnefndinni skýrslu um störf stöðvarinnar um leið og ársreikningurinn er lagður fram.

Hreppsnefndin hefir yfirstjórn stöðvarinnar á hendi.

15. gr.

Reglugjörð þessari, svo og gjaldskránni, má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

16. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum allt að 100 krónum, sem renna í sveitarsjóð Hvanneyrarhrepps, og skal farið með mál útaf þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum 20. október 1913, um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kaптúnun, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 5. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson,